

Geysir í Haukadal

Hlýir straumar náttúru og mannlífs



13075



Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal

Tillaga nr. 13075



Málmstunga eftir olíumálverk Edward Dayes 1763-1804

Hvar er fegra grasið á grænkandi reit?
Og hvar stígur gufan úr jörðunni heit
megnar og tignar en Geysis í glaum,
glampandi kristall af undirheims draum?

Benedikt Gröndal 1826-1927



Staða Geysissvæðisins janúar 2014

Geysir er einstakt náttúrufyribæri og einn þekktasti goshver veraldar. Geysissvæðið er einn fjölsóttasti ferðamannastaður Íslands og þangað koma flestir þeir ferðamenn sem heimsækja landið. Á seinustu árum hefur ferðamönnum fjölgað mikið og er því spáð að erlendir ferðamenn verði um ein milljón á ári innan fárra ára. Því miður hefur uppbygging innviða fjölsótttra ferðamannastaða ekki fylgt fjölgun ferðamanna og er nú mál að hefja öfluga sókn við uppbyggingu þeirra.

Ástæða er til að óttast að aukin umsvif og átroðningur á Geysissvæðið leiði að lokum til þess að verulega dragi úr því aðdráttarafli sem staðurinn og svæðið hefur í dag. Geysissvæðinu má í mörgu tilliti líkja við lítið sjávarþorp á Íslandi sem byggir afkomu sína á mikilvægum grunnþáttum: hreinni náttúru, nálægð við auðlindir, skynsamlegri nýtingu og öryggi.




Flæði ferðamanna við núverandi stígakerfi

- Hellulagður stígur, mikil umferð
- Hellulagður stígur, minni umferð
- Moldarstígur, þó nokkur umferð
- Moldarstígur minni umferð
- Moldarstígur lítil umferð
- Vegur myndar hindrun milli þjónustusvæðis og Geysissvæðis
- Inngangur á Geysissvæði

Svæðið í dag skiptist upp í hverasvæðið með göngustígum og þjónustusvæði með ýmskonar þjónustu og bílastæðum. Þjóðvegurinn liggur á milli þessarar tveggja svæða og er mikil hindrun fyrir gangandi vegfarendur.


Nærsvæði verslunar og þjónustu er í dag undirlagt af bílum og rútum. Frá hlaði þjónustusvæðisins hverfur útsýni að hverasvæðinu bak við umferðarpunga þjóðvegarsins, bensíndæla og vegg langferðabíla eða annars konar fararskjóta.

Hversvæðið er mjög slitið vegna átroðnings gesta og takmarkaðir göngustígar anna ekki þeim fjölsfjölda sem þangað sækir. Gestir ganga því út um allt svæðið því óljóst er hvar þeim er ætlað að vera. Fyrir þetta líður gróðurþekja og nærsvæði hveranna.




Áhugaverðar sjónlínur

- Útsýnisskífa - Mikið útsýni þar sem sést yfir allt svæðið.
- Konungshver - fallett útsýni yfir að Geysi og svæðið.
- Geysir - útsýni yfir merkan hver og nánasta umhverfi hans.
- Strokkur - útsýni yfir Strokk og suður með gönguleið.
- Trjágróður
- Hveralandslag
- Móar og melar



Áhugaverðir stígar


- Hverir sem hafa gosið og gjósa
- Hverir bullandi
- Hverir
- Leirholur heitar
- Konungsteinar
- Útsýnisskífa



Tillaga stígakerfi

Núverandi stígakerfi á hverasvæðinu samanstendur af 520m löngum steinlögðum stíg. Auk þess liggja gönguleiðir í landinu. Tillaga gerir ráð fyrir uppbyggðum stígum og munu þeir fullbyggðir verða um 1500m





Tjaldstæði

Gönguleið milli
tjaldstæðis og þjónustu

Möguleg gönguleiðatenging
við tjaldsvæði

MÓRI

SÍSJÓÐANDI

Upplýsingaskilti skal
koma fyrir hjá hverum

VIGDÍSARHVER

Torg- bílaumferð færð til
hliðar við þjónustuhús

Þjónustumiðstöð

Geysisstofa

Verslun

SÓÐI

upplifun - göngustígur
liggur yfir hverinn

ÞYKKVUHVIRIR

LITLI STROKKUR

Gönguleiðir eru afmarkaðar með
leiðurum sem lýsa upp gönguleiðir og
gefa dulúð inn í hveragufuna

SMÍÐUR

Áningarsstaðir úr timbrif yfir hópa
upplýsingaskilti og setbekkir

LITLI GEYSIR

Bílastæði

Inngangur er látinn halda sér
en skal lagafærður fyrir gjóðtöku

Girðing afmarkar Geysissvæðið

6m steypur göngustígur
liggur milli innganga að
Strokki

Allur gróður er látinn halda sér með
náttúrulegri framvindu.

Hótel Geysir

Sleppistæði fyrir rútur


Rútustæði samk. deiliskipulagi

Nýtt torg
myndast milli bílastæða, góður
staður til að safna saman hópum

Sleppistæði fyrir n

Gistiheimili

Ný r




Geysissvæðið sem ein heild.


Markmið

Megin áhersla tillögunnar er að horfa á Geysissvæðið á heildrænan hátt, náttúrufyrirbærið Geysi, aðliggjandi byggð og þjónustu við gesti.

- Að auka vernd hins náttúrulega umhverfis og náttúrufyrirbæranna, hveranna og hverasvæðisins.
- Að bæta aðstæður gesta á svæðinu og auka gæði upplifunar þeirra.
- Að greiða úr hinni miklu umferð og skilja að gangandi og akandi á svæðinu til að tryggja öryggi og ánægju gestanna.



Núverandi aðstæður - skipting heildarsvæðisins



Tillaga

Framtíðarsýn

Aðkoma og aðgengi


Framtíðartillaga leggur til flutnings á þjóðvegnum suður fyrir þjónustukjarnan.

Með því felst beinni og öruggari tenging milli þjónustusvæðisins og hverasvæðisins, betri og skilvirkari aðkoma að svæðinu og aðskilnaður gangandi gesta og umferðar.

Umferð bíla er færð út á jaðra þjónustusvæðisins. Bílastæði sem fyrir eru verða notuð og einnig bætt við nýjum bílastæðum. Aðkoma að stæðum fyrir langferðabíla og einkabíla verður aðgreind. Þannig verða bæði upphaf heimsóknar og endir ánægjulegri og öruggari. Hópfarabílum og einkabílum verður gert auðvelt að skila af sér og taka upp farþega við þjónustukjarna þaðan sem gestir eiga greiða leið að hverasvæðinu.

Helstu leiðir frá bílastæðum að þjónustukjörnum þurfa að anna miklum fjölda gesta og vera öruggar og þægilegar. Aðkomu- og dvalarsvæði við þjónustubyggingar og hótél verða mótuð á fjölbreyttan hátt svo komast megi örugglega að þeirri þjónustu sem í boði er. Á dvalarsvæðum og torgum verði komið fyrir upplýsingaskiltum, bekkjum og borðum.

Tillaga að hverasvæðinu og framtíðartillaga þjónustusvæðisins geta bæði staðið óháð hvor annarri og einnig styrkt hvor aðra.



Framtíðin



Hlýir straumar náttúru og mannlífs

HVERASVÆÐIÐ VIÐ GEYSI

Áhersla tillögunnar er að líta á hverasvæðið umhverfis Geysi heildstætt. Leiða þarf umferð gesta þannig að þeir fá notið heimsóknarinnar og upplifi einstakt náttúruyrirbæri á heimsvísu. Vel búið svæði sem mætir kröfum þess mikla fjölda ferðamanna sem heimsækir staðinn.

Svæðið umhverfis Strokki og Geysi hefur liðið fyrir mikinn ágang gesta sem valdið hefur sárum og brotum á kísilskáninni sem kísilinnihald vatnsins myndar. Með bættu stígakerfi og áningastöðum eykst öryggi gesta og tryggir náttúrulega framvindu hverasvæðisins.


Skipulag svæðisins.

Aðkoma að hverasvæðinu verða tvær, annars vegar núverandi inngangur sem verður á óbreyttum stað og hins vegar nýr inngangur til móts við fyrirhuguð rútustæði. Með færslu Haukadalsveggar og lokun inngangs austan við Geysi skapast pláss fyrir fleiri bílastæði og aðkomutorg sem myndar greiða leið inn á hverasvæðið. Með þessari framkvæmd gefst rúm til að vernda svæðið í kringum Geysi svo kísilskán í frárennsli hans geti byggst upp að nýju. Gönguleiðir innan svæðisins leiðir gesti frá þjónustusvæðinu norður eftir hverasvæðinu að Strokki og síðan að áningarstað við Geysi. Hverasvæðið vestan við aðalstíginn, Þykkvuhverasvæðið, verður opnað með neti nýrra timburstíga og gefa gestum tækifæri á að upplifa svæðið á annan hátt en áður.

Aðalstígur svæðisins liggur þar sem núverandi stígur er, að Strokki og tengist nýjum inngangi. Hann þarf að geta tekið á móti fjölda gesta og er 6-7 m breiður og með stórum útskotum með stuttu millibili.

Gert er ráð fyrir að stígurinn verði steypdur með hitalögn til að tryggja aðgengi fyrir alla, árið um kring. Yfirborð hans er í sömu hæð og landið og er stígurinn markaður með dauðu ljósi og leiðurum. Til að stígurinn falli sem best að umhverfinu skal nota séralinn lit á yfirborð steypunnar.

Nýir timburstígar liggja m.a. um Þykkvuhverasvæðið, þar sem má finna fjölbreyttar gerðir hvera. Timburstígarnir svífa yfir landinu, 2,5 - 3m breiðir og gefa gestum möguleika á að komast um áður óaðgengileg svæði, ganga í gegnum hveragufu og skoða fleiri tegundir hvera en hægt er í dag. Framkvæmd og mannvirkjagerð innan svæðisins er vandasöm þar sem leirmelarnir umhverfis hverasvæðið eru mjög viðkvæmir. Beita verður aðferðum sem leiða til góðrar heildar að framkvæmdum loknum og verða sem minnst áberandi. Lagt er til að í upphafi verði reynt að vinna að stígagerð um hverasvæðið út frá núverandi hellustíg.



Útsýnispallur og margmiðlunarskáli við Geysi.

Gestum er boðið að Geysi til að upplifa þekktasta goshver veraldar. Útsýnispallur og skáli verður staðsettur ofan við Geysi, endapunktur þar sem töfrar hins sofandi hvers verða dregnir fram með margmiðlunartækni. Gestir munu geta upplifað mismunandi sjónarhorn af Geysi með hjálp myndavéla og tölvutækni. Viðbótarveruleika og upplýsingagrafik verður bætt ofan á myndmerkið til að sjá rauntímaupplýsingar um stöðu hversins s.s. hita og þrýsting og framkalla Geysisgos með hjálp sýndarveruleika (augmented reality) eins og um raunverulegt gos sé að ræða. Gestir munu því skynja nánast allt frá andardrætti hversins til hans glæstustu stunda á fallegan, hófstílltan og vandaðan hátt.

Áhorfendasvæði við Strokk.

Við Strokk er gerður hringlaga timburpallur sem getur tekið á móti allt að 200 manns í einu. Timburpallurinn er í 20 m fjarlægð frá gosopi og stallast upp í brekkuna vestan megin við hverinn. Stallarnir mynda setkanta sem hægt er að nota á fjölbreyttan hátt. Pallurinn er á lofti og rennsli frá hverunum fyrir ofan á greiða leið undir hann.

Áningarstaðir

Gert er ráð fyrir útskotum af mismunandi stærðum við aðalleið inn á svæðið. Í útskotunum skapast rúm til að stoppa, safnast saman, lesa fræðsluskilti og taka myndir. Við helstu útsýnisstaði breikkar stígurinn og myndar útsýnispall þar sem 50-60 manns geti staðið og hlýtt á leiðsögumann eða til að njóta svæðisins. Önnur útskot eru minni og ekki eins áberandi en gefa kost á að virða náttúruna nánar fyrir sér, svo sem bullandi hver.

Upplýsingaskilti með fræðsluefni er komið fyrir á áningarstöðum og útsýnispöllum þar sem veittar eru upplýsingar með skýringarmyndum og texta á fleiri tungumálum. Á hverju skilti eru QR kóðar (Quick Response Code) fyrir snjallsíma sem vísa á enn meira fræðsluefni.

Heildstætt útlit og grafískri hönnun skal vera á öllum skiltum og fræðsluefni í margmiðlun.

Ef til gjaldskyldu kemur má setja aðgangsstýrikerfi við bæði inngönguhliðin að hverasvæðinu.

